



## **Reglur um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannaðstoðar sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002**

### **1. gr.**

Með vísan til 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 veitir barnaverndarþjónusta foreldrum eða aðilum máls og/eða barni sem náð hefur 15 ára aldri og er aðili máls fjárstyrk til greiðslu lögmannaðstoðar ef málefni þeirra sæta meðferð, áður en úrskurður er kveðinn upp.

Veittur er fjárstyrkur vegna fyrirtöku á fundi barnaverndarþjónustunnar, þegar til greina kemur að beita þvingunarúrræðum samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002, þ.e. vinnuframlag til undirbúnings og mætingar á fund barnaverndarþjónustunnar. Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum barnaverndarþjónustu nema sérstaklega hafi verið óskað eftir viðveru lögmanns af hálfu starfsmanns.

### **2. gr.**

Barnaverndarþjónusta veitir jafnframt aðilum máls fjárstyrk til greiðslu lögmanskostnaðar fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

### **3. gr.**

Fjárstyrkur til að greiða fyrir lögmannaðstoð er háður því skilyrði að löglærður aðstoðarmaður hafi leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður eða héraðsdómslögmaður sbr. lög nr. 77/1998 um lögmenn.

### **4. gr.**

Foreldrar eða aðrir forsjáraðilar barns og barn 15 ára eða eldra sem er aðili að máli velja sér sjálfir lögmenn, sbr. 1. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

### **5. gr.**

Deildarstjóri barnaverndarþjónustu eða Sviðsstjóri Fjölskyldusviðs afgreiða umsóknir um fjárstyrk til greiðslu lögmannaðstoðar skv. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Umsóknin um fjárstyrk vegna lögmannaðstoðar skal vera skrifleg og undirrituð. Tímaskýrsla lögmanns skal fylgja með umsókninni.

Fjárhæð styrkjar skal metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins. Einnig skal taka tillit til efnahags umsækjanda þegar ákvörðun um fjárstyrk er tekin og er þá tekið mið af framfærsluviðmiðum umboðsmanns skuldara við mat.

Deildarstjóri barnaverndarþjónustu eða Sviðsstjóri Fjölskyldusviðs upplýsir styrkbeiðanda um afgreiðslu umsóknar og lögmann hans.

### **6. gr.**



Greiðsla fyrir lögmannskostnað skv. reglum þessum miðast við tímagjald skv. leiðbeinandi reglum dómstólasýslunnar. Að jafnaði eru ekki greiddir fleiri en 12 tímar.

Í þeim tilvikum sem lögmaður er búsettur utan Suðurnesja er heimilt að greiða akstur skv. km. gjaldi, eins og það er hjá ferðanefnd ríkisins hverju sinni, fyrir hverja ferð fram og til baka, þó að hámarki 100 km. Ekki er greitt tímagjald á þeim tíma sem ekið er.

Til viðbótar getur komið til greiðslu allt að 10 tímar ef máli er vísað til úrskurðarnefndar velferðarmála. Sé mál það umfangsmikið að útlit sé fyrir að hámarks tímafjöldi sé ekki nægur, skal lögmaður gera skriflega grein fyrir því. Viðbótartímar eru ekki greiddir nema samþykki deildarstjóra barnaverndarþjónustu liggja fyrir því. Gert er ráð fyrir að viðkomandi sæki um gjafsókn ef mál fer fyrir dómstóla.

#### **7. gr.**

Ákvörðun um fjárhæð styrkjar er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

#### **8. gr.**

Reglur þessar skulu kynntar aðilum máls ef málefni þeirra sæta meðferðar barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar og þeim lögönnum sem taka að sér að aðstoða þá, sbr. 47. gr. barnverndarlaga nr. 80/2002.

*Reglur þessar voru samþykktar í Fjölskyldu og Velferðarráði þann 21.9.2023 og af bæjarstjórn þann 4.10.2023.*